

Wonderfixer srl
Gerðarbrunnur 12
113 Reykjavík

4. febrúar 2025
202501-0127/S.V.
10.02.01

Efni: Umsókn um leyfi til kvikmyndatöku - Geysir

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Wonderfixer srl, f.h. japanska ríkissjónvarpsins, dagsetta 27. janúar 2025, um leyfi til kvikmyndatöku með dróna innan marka náttúruvættisins Geysis.

Geysir er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. auglýsingu nr. 660/2020. Allar framkvæmdir innan náttúruvættisins eru háðar leyfi Náttúruverndarstofnunar sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og sveitarfélagsins Bláskógabyggðar, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 160/2010 um mannvirki. Allt rask á jarðminjum er óheimilt, þ.m.t. hvers konar áletranir og rask á virkni og vatnsstöðu hverasvæðisins, rask á hverahrúðri, hverum, jarðvegi og steinum, nema að fengnu leyfi. Flug fjarstýrðra loftfara er óheimilt yfir svæðinu nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi, f.h. japanska sjónvarpsins, til kvikmyndatöku innan náttúruvættisins Geysis. Kvikmyndatakan er áætluð á tímabilinu 5.-9. febrúar 2025 en mun verða framkvæmd á einum degi og standa yfir í um sex klukkustundir. Gert er ráð fyrir sjö starfsmönnum sem koma að verkefninu og mun myndatakan fara fram á göngustígum við hverina. Ekki er gert ráð fyrir leikmynd en óskað er eftir því að setja upp snjóskúlptúr eða snjókarl.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa áhrif á verndargildi svæðisins né á náttúrur, jarðminjar eða lífríki. Áhrif á gesti svæðisins gætu verið einhver en þau áhrif mætti lágmarka með því að vinna verkefnið snemma morguns eða seinni part þegar færri gestir eru á svæðinu.

Skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir Wonderfixer srl, f.h. japansks sjónvarps, leyfi til kvikmyndatöku innan Geysissvæðisins sbr. lýsingu hér að ofan í einn dag á tímabilinu 5.-9. febrúar 2025 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

Náttúruverndarstofnun
Nature Conservation Agency of Iceland

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til landvarða á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhringsfyrirvara.
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið, forðast óþarfa rask og halda stærð athafnasvæðis kvikmyndatökuliðsins í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Stjórnandi drónans, sem notaður verður til verkefnisins, skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að flugið valdi eins litlu ónæði og hægt er. Færri gestir heimsækja svæðið snemma morguns og síðdegis.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir.
- **Af öryggisástæðum er óheimilt að fljúga ómönnuðu loftfari undir 50 m yfir Strokki.**
- Vanda skal frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, um leið afmá skal öll ummerki kvikmyndatökunnar.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Náttúruverndarstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Allur akstur innan marka friðlýsta svæðisins er óheimill.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.

Leyfisgjald:

Náttúruverndarstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn til kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **83.200**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

Eftirlit:

Landvörður Náttúruverndarstofnunar á svæðinu mun hafa eftirlit með verkefninu.

Náttúruverndarstofnun
Nature Conservation Agency of Iceland


Sigrún Valgarðsdóttir
sérfræðingur


Daniel Freyr Jónsson
svæðissérfræðingur

